

Alþingi
Erindi nr. P 138/416
komudagur 3.12.2009



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2009

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla, nr. 15/1998 (sameining héraðsdómstóla), þskj. 104 - 100. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um dómstóla. Bandalagið styður hvers kyns aðgerðir ríkisins í hagræðingarskyni sem hafa ekki áhrif á réttindi hins almenna borgara. Þrátt fyrir að ekki sé með beinum hætti tilgreint í frumvarpinu hvar eða hversu margar starfsstöðvar dómstóla munu verða eftir breytingu lýsir bandalagið yfir áhyggjum um jafnan aðgang að dómstólum gangi tillögurnar eftir. Verði raunin sú að hluti dómstóla á landsbyggðinni verði lagðir niður telur BSRB mikilvægt að öllum sé tryggður jafn aðgangur að dómstólum og sé ekki gert að leggja út fyrir auknum kostnaði vegna ferðalaga sökum þess o.þ.h. kostnaði vegna þess að ekki sé lengur starfandi dómstóll í grennd við heimabyggð viðkomandi.

BSRB gerir ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu.

Fyrir hönd BSRB,

Helga Jónsdóttir
Helga Jónsdóttir

framkvæmdastjóri